

Miðflokkurinn

Ársreikningur 2021 - samstæða



Miðflokkurinn
Hamraborg 1
200 Kópavogur
Kt. 650609-1740

Skýrsla stjórnar.....	2
Áritun endurskoðanda.....	3-4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6
Sjóðstreymi.....	7
Skýringar.....	8-13
Rafræn undirritun.....	14

Skýrsla stjórnar

Samstæðuársreikningur Miðflokksins fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um fjármál stjórnmalasamtaka nr. 192/2006 og þar sem við á lög um ársreikninga nr. 3/2006, leiðbeiningar útgefnar af ríkisendurskoðanda og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Kjördæmafélög Miðflokksins eru fimm og mynda fjögur þeirra samstæðu með flokksskrifstofu Miðflokksins. Þau eru Miðflokksfélag Norðausturkjördæmis, Miðflokksfélag Reykjavíkur, Miðflokksfélag Suðurkjördæmis og Miðflokksfélag Suðvesturkjördæmis. Miðflokksfélag Norðvesturkjördæmis er fyrir utan samstæðu þar sem það er undir stærðarmörkum.

Meginstarfsemi flokksins

Miðflokkurinn er flokkur með djúpar rætur á miðju stjórnmálanna. Flokkurinn hefur það markmið að veita og varðveita stöðugleika og standa vörð um hefðbundin grunngildi en um leið vera flokkur hugmyndaauðgi og framfara, samfélaginu öllu til heilla. Flokkur sem leitar til þeirra sem best þekkja til á hverju sviði og styður góðar hugmyndir sama hvaðan þær koma. Miðflokkurinn leitar ætíð að skynsamlegustu lausninni á hverju viðfangsefni á grundvelli rökhyggju og rökræðu. Miðflokkurinn býður fram til Alþingis og sveitarstjórna.

Starfsemin á árinu

Tap af rekstri Miðflokksins á árinu 2021 nam 41 millj. kr. samanborið við 44 millj. kr. rekstrarafgang árið á undan. Eignir Miðflokksins í árslok námu 101 millj. kr. og námu skuldir Miðflokksins 17 millj. kr. Eigið fé Miðflokksins í árslok var jákvætt sem nemur 84 millj. kr. Tveir starfsmenn störfuðu hjá Miðflokki á árinu auk fjögurra starfsmanna á Alþingi.

Það er álit stjórnar flokksins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu flokksins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun flokksins, komi fram í ársreikningnum.

Ársreikningurinn var upphaflega áritaður þann 31. október 2022. Við yfirferð Ríkisendurskoðunar komu fram óverulegar ábendingar um framsetningu skýringa við ársreikning auk þess sem tekjur voru lækkaðar um 110.000 kr. og skuldir hækkaðar um samsvarandi upphæð.

Stjórn Miðflokksins staðfestir hér með ársreikning flokksins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, 9. nóvember 2022.

Rafræn undirritun stjórnarmanna og framkvæmdastjóra er á bls. 14.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
Formaður

Hannes Karlsson
Framkvæmdastjóri Miðflokksins

Bergþór Ólason
Þingflokksformaður

Þorgrímur Sigmundsson
Formaður málefnanefndar

Ómar Már Jónsson
Formaður innra starfs

Þorsteinn Sæmundsson
Formaður fjármálaráðs

Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir
Formaður upplýsinganefndar

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Miðflokksins

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Miðflokksins fyrir árið 2021. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu flokksins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um fjármál stjórnmalasamtaka nr. 192/2006 og þar sem við á lög um ársreikninga nr. 3/2006, leiðbeiningar útgefnar af ríkisendurskoðanda og settar reikningsskilareglur.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öllum upplýsingum sem félagið birtir eins og ársreikningi og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki yfir aðrar upplýsingar en þær sem birtast í ársreikningi og nær ekki því ekki til skýrslu stjórnar ef frá er talin sú staðfesting sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar og kanna hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þeirrar þekkingar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti rangar. Ef við teljum að það séu verulegar rangfærslur til staðar í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ekkert hefur komið í ljós við endurskoðun okkar sem við teljum að skýra þurfi sérstaklega frá.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Miðflokknum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um fjármál stjórnmalasamtaka nr. 192/2006 og þar sem við á lög um ársreikninga nr. 3/2006, leiðbeiningar útgefnar af ríkisendurskoðanda og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Miðflokksins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa flokkinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Aritun óháðs endurskoðanda - framhald

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits samtakanna.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi flokksins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 9. nóvember 2022.

Rafræn undirritun endurskoðanda er á bls. 14.

BDO ehf.

Sigrún Guðmundsdóttir
lögiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2021

		Samstæða		Flokksskrifstofa	
	Skýr.	2021	2020	2021	2020
Rekstrartekjur					
Fjárframlög úr ríkissjóði.....	4.	86.251.907	81.751.906	86.251.907	81.751.906
Fjárframlög frá Alþingi.....	5.	9.546.875	17.513.424	9.546.875	17.513.424
Fjárframlög sveitarfélaga.....	6.	4.267.759	3.897.967	56.729	1.641.495
Fjárframlög lögaðila.....	7.	5.860.000	1.300.000	4.390.000	800.000
Fjárframlög einstaklinga.....	8.	1.589.644	3.361.987	50.000	850.000
Félagsgjöld.....	9.	1.270.951	1.393.000	1.270.951	1.393.000
Aðrar tekjur.....	10.	3.478.531	1.660.126	3.879.344	1.321.361
		<u>112.265.667</u>	<u>110.878.410</u>	<u>105.445.806</u>	<u>105.271.186</u>
Rekstrargjöld					
Aðalskrifstofa.....	11.	62.506.450	65.283.457	63.731.162	68.356.623
Alþingiskosningar.....	12.	81.720.333	0	81.720.333	0
Kjördæma- og undirfélög.....	13.	7.098.761	4.052.220	0	0
Rekstur fasteigna.....	14.	1.547.356	0	1.547.356	0
		<u>152.872.900</u>	<u>69.335.677</u>	<u>146.998.851</u>	<u>68.356.623</u>
Rekstrarafkoma (-tap)		(40.607.233)	41.542.733	(41.553.045)	36.914.563
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld					
Fjármunatekjur.....	15.	1.852	2.387.905	(633)	2.387.905
Fjármagnsgjöld.....		(366.798)	(252.197)	(336.348)	(245.539)
		<u>(364.946)</u>	<u>2.135.708</u>	<u>(336.981)</u>	<u>2.142.366</u>
Hagnaður (-tap) ársins		<u>(40.972.179)</u>	<u>43.678.441</u>	<u>(41.890.026)</u>	<u>39.056.929</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

		Samstæða		Flokksskrifstofa	
Eignir	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir:	16.				
Fasteign.....		81.848.583	73.963.800	81.848.583	73.963.800
Innbú, áhöld og innréttingar.....		5.081.306	0	5.081.306	0
		86.929.888	73.963.800	86.929.888	73.963.800
Fastafjármunir alls		86.929.888	73.963.800	86.929.888	73.963.800
Veltufjármunir					
Viðskiptakröfur.....		1.977.535	2.163.336	1.837.683	1.770.000
Kröfur á kjördæmafélög.....		0	0	1.600.000	0
Aðrar skammtímakröfur.....		7.900	150.171	7.900	150.058
Handbært fé.....		12.334.575	104.783.262	2.498.091	96.881.167
		14.320.010	107.096.769	5.943.674	98.801.225
Eignir samtals		101.249.898	181.060.569	92.873.562	172.765.025
Eigið fé og skuldir					
Eigið fé					
Óráðstafað eigið fé.....	17.	84.152.368	125.124.547	74.229.797	116.119.823
		84.152.368	125.124.547	74.229.797	116.119.823
Skammtímaskuldir					
Viðskiptaskuldir.....		16.859.631	275.634	16.859.631	275.634
Ógreitt vegna fasteignakaupa.....		0	53.000.000	0	53.000.000
Aðrar skammtímaskuldir.....		237.899	2.660.388	127.899	2.660.388
Skuldir við kjördæmafélög.....		0	0	1.656.235	709.180
		17.097.530	55.936.022	18.643.765	56.645.202
Skuldir samtals		17.097.530	55.936.022	18.643.765	56.645.202
Eigið fé og skuldir samtals		101.249.898	181.060.569	92.873.562	172.765.025

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021

		Samstæða		Flokksskrifstofa	
	Skýr.	2021	2020	2021	2020
Rekstrarhreyfingar					
Hreint veltufé frá rekstri (til rekstrar):					
Rekstrarafkoma ársins.....		(40.972.179)	43.678.441	(41.890.026)	39.056.929
Afskriftir ársins.....	16.	3.801.726	0	3.801.726	0
		(37.170.453)	43.678.441	(38.088.300)	39.056.929
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:					
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur.....		328.072	540.706	(1.525.525)	2.919.352
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:					
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.....		14.161.508	2.084.819	14.998.563	2.857.293
		14.489.580	2.625.525	13.473.038	5.776.645
Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri		(22.680.873)	46.303.966	(24.615.262)	44.833.574
Fjárfestingahreyfingar					
Fasteignakaup.....	16.	(53.000.000)	(20.963.800)	(53.000.000)	0
Framkvæmdir við fasteign.....		(10.416.182)	0	(10.416.182)	(20.963.800)
Keypt áhöld og tæki.....		(6.351.632)	0	(6.351.632)	
		(69.767.814)	(20.963.800)	(69.767.814)	(20.963.800)
(Lækkun), hækkun á handbæru fé		(92.448.687)	25.340.166	(94.383.076)	23.869.774
Handbært fé í ársbyrjun.....		104.783.262	79.443.096	96.881.167	73.011.393
Handbært fé í árslok		12.334.575	104.783.262	2.498.091	96.881.167

1. Starfsemi

Miðflokkurinn er flokkur með djúpar rætur á miðju stjórnmálanna. Flokkurinn hefur það markmið að veita og varðveita stöðugleika og standa vörð um hefðbundin grunngildi en um leið vera flokkur hugmyndaauðgi og framfara, samfélaginu öllu til heilla. Flokkur sem leitar til þeirra sem best þekkja til á hverju sviði og styður góðar hugmyndir sama hvaðan þær koma. Miðflokkurinn leitar ætíð að skynsamlegustu lausninni á hverju viðfangsefni á grundvelli rökhjuggu og rökræðu. Miðflokkurinn býður fram til Alþingis og sveitarstjórna.

Samstæðuársreikningur flokksins samanstendur af ársreikningi flokksins og eftirfarandi aðildarfélögum hans:

Miðflokksfélag Norðausturkjördæmis, kt: 480318-1100, Dalbrún 4, 700 Egilsstaðir
Miðflokksfélag Reykjavíkur, kt: 460318-1140, Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík
Miðflokksfélag Suðurkjördæmis, kt: 650418-0850, Norðurvöllum 34, 230 Reykjanesbær
Miðflokksfélag Suðvesturkjördæmis, kt: 560218-0520, Hamraborg 1, 200 Kópavogur

Eftirfarandi kjördæmisfélög og undirfélög eru ekki meðtalin í samstæðuársreikningi sbr. 8. gr. laga nr. 162/2006 um fjármál stjórnmálasamtaka þar sem þau eru undir fyrirframskilgreindum viðmiðunarmörkum:

Miðflokksfélag Norðvesturkjördæmis, kt: 470918-1600, Garðabraut 26, 300 Akranes

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Miðflokksins fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um fjármál stjórnmálasamtaka nr. 192/2006 og þar sem við á lög um ársreikninga nr. 3/2006, leiðbeiningar útgefnar af ríkisendurskoðanda og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Samstæða

Miðflokksnum ber að gera samstæðureikning fyrir allar einingar, sem undir hann falla, svo sem sérsambönd, kjördæmisráð, eignarhaldsfélög og tengdar sjálfseignarstofnanir, hvort sem þær eru skráðar eða ekki. Með samstæðureikningi í þessu sambandi er átt við reikningsskil, þar sem ársreikningar Miðflokksins og eininganna, sem undir hann falla, hafa verið sameinaðir í einn reikning.

Í samstæðureikningnum eru tekju- og gjaldaliðir og eigna- og skuldaliðir lagðir saman og er viðskiptum innan samstæðunnar eytt út við gerð reikningsskilanna.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur stofnast. Mótteknir styrkir eru bókaðir í samræmi við útgáfuár reikninga.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtagjöld langtímalána og önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð á því tímabili sem þau falla til óháð greiðslu. Vaxtatekjur og gengismunur skammtímaverðbréfaeignar er færður á ávinnslutímabili óháð innlausn.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast féluginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega

Afskriftir eru reiknaðar fram að niðurlagsverði eigna sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði eða bókfærðu verði í ársbyrjun.

Fasteignir 3%

Áhöld og tæki 20%

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð. Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söluþegi og er hluti af rekstrarhagnaði.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar eru þannig að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum og veltubréfum með undirliggjandi innlánnum hjá fjármálafyrirtækjum.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til verðbótaútreiknings og vaxta.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að flokkurinn verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

3. Laun og tengd gjöld

Laun og tengd gjöld tilheyra öll flokksskrifstofu og eru færð á meðal rekstrargjalda aðalskrifstofu og sundurliðast þannig:

	2021	2020
Laun.....	21.697.336	20.142.621
Launatengd gjöld.....	4.329.507	4.373.711
Áunnið orlof.....	(1.548.538)	1.548.538
Annar starfsmannakostnaður.....	54.357	461.380
	<u>24.532.662</u>	<u>26.526.250</u>

4. Fjárframlög úr ríkissjóði

	2021	2020
Fjárframlög úr ríkissjóði sbr. 3 gr. laga nr. 162/2006.....	<u>86.251.907</u>	<u>81.751.906</u>
	86.251.907	81.751.906

Skýringar

5. Fjárframlög frá Alþingi

	2021	2020
Fjárframlög frá Alþingi sbr. 4 gr. laga nr. 162/2006.....	14.546.881	17.513.424
Laun greidd af Alþingi.....	(5.000.006)	0
	9.546.875	17.513.424

6. Fjárframlög sveitarfélaga

Fjárframlög frá sveitarfélögum, sbr. 8. gr. laga nr. 162/2006 um fjármál stjórnmalasamtaka, sundurliðast þannig:

	2021	2020
Akureyrarbær.....	169.342	169.341
Akraneskaupstaður.....	56.729	56.729
Egilsstaðir, Fljótshálsa.....	178.686	98.136
Fjarðarbyggð.....	168.045	168.045
Grindavík, vegna 2020 og 2021.....	305.109	0
Reykjanesbær.....	558.847	558.847
Árborg.....	107.500	107.500
Reykjavíkurborg.....	1.568.898	1.584.766
Garðabær.....	245.338	245.338
Hafnarfjarðarkaupstaður.....	395.200	395.200
Kópavogsbær.....	375.517	375.517
Mosfellsbær.....	138.548	138.548
	4.267.759	3.897.967

7. Fjárframlög lögaðila

Fjárframlög frá lögaðilum, sbr. 8. gr. laga nr. 162/2006 um fjármál stjórnmalasamtaka, sundurliðast þannig:

	2021	2020
Einhamar Seafood ehf. / kt: 581202-3340 / framlag til skrifstofu.....	550.000	0
Þorbjörn hf. / kt: 420369-0429.....	550.000	550.000
Hvalur hf. / kt: 650169-6549.....	550.000	200.000
Mata hf. / kt: 620597-3099.....	550.000	0
Síldarvinnslan hf. / kt: 570269-7479.....	500.000	0
Kvika banki hf. / kt: 540502-2930.....	500.000	0
Skinney-Pinganes hf. / kt: 480169-2989.....	400.000	0
KEA svf. / kt: 680169-2769.....	300.000	0
Hraunsalir ehf. / kt: 561214-0850.....	300.000	200.000
Kaupfélag Skagfirðinga / kt: 680169-5009.....	300.000	0
Vísir hf. / kt: 701181-0779.....	250.000	0
Loðnuvinnslan hf. Fáskrúðsfirði / kt: 581201-2650.....	200.000	0
Maron ehf. / kt: 460303-2140.....	160.000	100.000
Ljósvirki ehf. / kt: 711298-2909.....	150.000	0
SS Byggir ehf / kt: 620687-2519.....	100.000	0
Skútaberg ehf. / kt: 510108-0350.....	100.000	0
Góa-Linda sælgætisgerð ehf. / kt: 410168-0229.....	100.000	0
KFC ehf. / kt: 540198-3149.....	100.000	0
Einhamar Seafood ehf. / kt: 581202-3340 / framlag til kjördæmafélags.....	60.000	
Kjarnafæði - Norðlenska hf. / kt: 581289-1899.....	50.000	0
Málaraverktakar ehf. / kt: 430602-3490.....	50.000	0
Högni ehf. / kt: 610607-1520.....	40.000	0
Hraðfrystihúsið Gunnvör / kt: 630169-2249.....	0	200.000
Deloitte ehf. / kt: 521098-2449.....	0	50.000
	5.860.000	1.300.000

Skýringar

8. Fjárframlög einstaklinga

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 162/2006 ber að tilgreina sérstaklega þá einstaklinga sem veitt hafa framlög til flokksins sem eru metin á meira en 300 þús. kr. Fjárframlög frá einstaklingum sundurliðast þannig:

	2021	2020
Sveinn Óskar Sigurðsson.....	0	420.003
Hallfríður G. Hólmgrímsdóttir.....	0	372.485
Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir.....	0	310.000
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.....	0	300.000
Bergþór Ólason.....	0	300.000
Framlög undir 300 þús. kr.....	1.589.644	1.659.499
	<u>1.589.644</u>	<u>3.361.987</u>

9. Félagsgjöld

	2021	2020
Félagsgjöld undir 100 þús. kr.....	1.270.951	1.393.000
	<u>1.270.951</u>	<u>1.393.000</u>

10. Aðrar tekjur

	2021	2020
Aðrar rekstrartekjur, miðasölutekjur og viðburðir.....	2.378.531	1.660.126
Húsaleigutekjur.....	1.100.000	0
	<u>3.478.531</u>	<u>1.660.126</u>

11. Aðalskrifstofa

	2021	2020
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	29.002.815	29.919.624
Aðkeypt þjónusta.....	12.465.389	18.281.362
Auglýsingar.....	5.693.371	7.177.443
Húsnæðiskostnaður.....	486.904	4.386.093
Funda- og ferðakostnaður.....	5.795.376	2.539.210
Gjafir og styrkir.....	0	74.950
Endurskoðun og uppgjör.....	4.772.019	2.405.451
Lögfræðikostnaður.....	163.155	0
Önnur rekstrargjöld.....	325.695	499.324
Fyrning ársins.....	3.801.726	0
	<u>62.506.450</u>	<u>65.283.457</u>

12. Alþingiskosningar

	2021
Aðkeypt þjónusta.....	32.140.144
Auglýsingar.....	43.801.051
Fundarkostnaður, viðburðir.....	4.205.888
Pappír, prentun og ritföng.....	869.862
Burðargjöld.....	473.262
Húsaleiga.....	230.126
	<u>81.720.333</u>

Skýringar

13. Kjördæma- og undirfélög

	2021	2020
Aðkeypt þjónusta.....	1.797.748	798.284
Auglýsingar.....	2.740.173	351.689
Húsnæðiskostnaður.....	10.000	1.077.720
Funda- og ferðakostnaður.....	662.135	1.367.433
Kosningaskrifstofur.....	565.680	0
Önnur rekstrargjöld.....	1.323.025	457.094
	<u>7.098.761</u>	<u>4.052.220</u>

14. Rekstur fasteigna

	2021
Fasteignagjöld.....	911.043
Sameign.....	552.900
Hiti.....	30.105
Viðhald.....	23.680
Annar kostnaður.....	16.278
Rafmagn.....	13.350
	<u>1.547.356</u>

15. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	Samstæða	
	2021	2020
Fjármunatekjur		
Vaxtatekjur af bankainnstæðum.....	523.716	2.749.343
Fjármagnstekjuskattur.....	(521.864)	(361.438)
	<u>1.852</u>	<u>2.387.905</u>
Fjármagnsgjöld		
Önnur vaxtagjöld.....	366.798	252.197
	<u>366.798</u>	<u>252.197</u>

Skýringar

16. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Kostnaðarverð	Flokksskrifstofa		
	Fasteignir	Áhöld og tæki	Samtals
Staða 01.01.2020.....	0	0	0
Keypt á árinu 2020.....	73.963.800	0	73.963.800
Staða 31.12.2020.....	73.963.800	0	73.963.800
Staða 01.01.21.....	73.963.800	0	73.963.800
Keypt á árinu 2021.....	10.416.182	6.351.632	16.767.814
Afskrifað á árinu 2021.....	(2.531.399)	(1.270.326)	(3.801.726)
Staða 31.12.21.....	81.848.583	5.081.306	86.929.888
Fasteignamat, Hamraborg 1, 206-1186.....			56.820.000
Brunabótamat, Hamraborg 1, 206-1186.....			93.600.000
Vátryggingarverðmæti, Hamraborg 1, 206-1186.....			79.001.000

17. Eigið fé

Eigið fé samstæðunnar var jákvætt um kr. 84.152.368 í árslok 2021.

	Samstæða	Flokks- skrifstofa
Eigið fé í ársbyrjun 2020.....	81.446.106	77.062.894
Rekstrarafkoma ársins.....	43.678.441	39.056.929
Eigið fé í árslok 2020.....	125.124.547	116.119.823
Rekstrarhalli ársins.....	(40.972.179)	(41.890.026)
Eigið fé í árslok 2021.....	84.152.368	74.229.797

18. Þriggja ára yfirlit

	Flokksskrifstofa		
	2021	2020	2019
Rekstrartekjur.....	105.445.806	105.271.186	105.890.919
Rekstrargjöld.....	(146.998.851)	(68.356.623)	(52.434.094)
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði.....	(41.553.045)	36.914.563	53.456.825
Fjármagnsliðir.....	(336.981)	2.142.366	2.691.446
Rekstrarafkoma ársins.....	(41.890.026)	39.056.929	56.148.271

	Samstæða		
	2021	2020	2019
Rekstrartekjur.....	112.265.667	110.878.410	115.351.126
Rekstrargjöld.....	(152.872.900)	(69.335.677)	(51.250.334)
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði.....	(40.607.233)	41.542.733	64.100.792
Fjármagnsliðir.....	(364.946)	2.135.708	2.693.456
Rekstrarafkoma ársins.....	(40.972.179)	43.678.441	66.794.248

